

Guðbjörn Jónsson



Fjármálaeftirlitið,
b.t. Unnar Gunnarsdóttur, forstjóra
Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Reykjavík 28. maí 2014

ERINDI: Ábyrgðar- og eftirlitsleysi með fjármálastofnunum okkar.

Ég rita þetta bréf vegna þess að enn einu sinni gengur alveg fram af mér ábyrgðarleysið í fjármálagjöf þjóðarinnar. Ég er fyrrverandi hagdeildarmaður í banka og ég fæ nánast á hverjum degi hroll í mig þegar ég heyri fréttir, sé atburði eða skjöl frá lánastofnunum okkar. Siðferði í sambandi við meðferð fjármuna virðist vera deyjandi hugtak. Virðing og heiðarleiki gagnvart viðskiptaaðilanum virðist horfið af yfirborðinu. Enginn virðist kippa sér upp við skjalafals, stjórnarskrárbrot, brot á almennum lögum eða stjórnsýslulögum. Jafnvel er horft þegjandi fram hjá ábendingu Hæstaréttar að hugsanlega hefði dómur 471/2010 orðið öðruvísi ef einnig hefði verið ákært á grundvelli laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og óréttláta löggæringa.

Stórkostlega undrun vekur líka hve lítið hefur verið um ákærur vegna þess mikla fjölda refsilagabrota sem augljóslega voru framin gagnvart almennum viðskiptamönnum lánastofnana síðasta eina og hálfra árið fyrir hrun. Og allt það gullgrafaraæði sem greip um sig við hrun bankanna, þar sem fjármagn þjóðarinnar hvarf á skömmum tíma, virðist einnig vera eitthvað sem enginn aðili taldi eða telur sig eiga að hafa afskipti af.

Mig langar mikið til að fá hreinskilnar ástæður fyrir því hvers vegna Fjármálaeftirlitið (FME) gengur ekki fastar fram gegn augljósum glæpaverkum sem blasa við manni hvað eftir annað þegar maður sér skjöl hinna svokölluðu ÓLÖGLEGU GENGISTRYGGÐU LÁNA? Jú, réttilega eru þau kölluð ÓLÖGLEG, því þeir sem útbjuggu þau lánsform, vissu án nokkurs vafa að þeir voru að brjóta lög og svíkjast að miklum fjölda grandlausra einstaklinga sem treystu á þessa aðila sem SÉRFRÆÐINGA í fjármálum.

Flétta þessarar ósvífni var ekki flókin. Skjalið var látið heita **VEÐSKULDABRÉF**, og fyrir neðan það orð var prentað í litlum stöfum orðin "**fasteignaveðlán í erlendri mynt**". Ef um var að ræða öðruvísi lán en fasteignalán, þá var bara orðinu **fasteignaveðlán** sleppt og þá stóð bara í haus skjalsins **VEÐSKULDABRÉF** og fyrir neðan í smáu lettri, **í erlendri mynt**. En reyndin virðist sú, í öllum þeim tilvikum sem ég hef séð, að MYNTIN sem lánuð var á svona skjalsformi fyrir erlenda mynt, **voru íslenskar krónur**. Ritaðir skilmálar í lánsformið **fasteignaveðlán í erlendri mynt** var á þann veg að **hinn íslenski höfuðstóll lánsins skyldi taka breytingum eftir sölugengi tiltekins erlends gjaldmiðils**, einum til tveimur dögum fyrir gjalddaga lánsins. Þetta virtist FME vera í lagi???

Annar þáttur blekkinga í þessum viðskiptum sneri að útreikningi vaxta. Þar var tiltekið að af láninu væru greiddir LIBOR-vextir með tilteknu álagi; sagt að vextirnir væru reiknaðir á jafnvirði íslensku upphæðarinnar í viðkomandi erlendri mynt. Það þarf meira en lítið skerta heilastarfsemi, eða blekkingarvilja, til að gera einhvern greinarmun á tiltekinni vaxtaþróun LIBOR vaxta, annars vegar reiknaðri af upphæð í íslenskum krónum eða hinsvegar **af jafnvirði hinnar íslensku upphæðar í tiltekinni erlendri mynt**. Alþingismenn létu blekkjast og dómstólar á smá tímabili, en engin bankastofnun var átalín, ákærð eða sektuð fyrir alvarlegar blekkingar gagnvart grandlausum viðskiptaaðilum.

Ég get ekki með nokkru móti gert mér grein fyrir hvað veldur því að FME gengur ekki heiðarlega fram fyrir skjöldu, vegna þeirra afglapa fyrri stjórnenda, að hafa ekki stöðvað strax þetta umfangsmikla skjalafals bankanna í sambandi við ÓLÖGLEGU LÁNIN. ENN eru bankarnir

á kafi í blekkingaleiknum sínum, reiknandi óútskýranlegar leiðréttingafærslur, sem allar virðast þó hafa inni að halda hið ólöglega hækkunarmunstur á **íslensku óverðtryggðu lánsupphæðinni**. Hvers vegna í ósköpunum stöðvið þið ekki þessa ólöglegu hringavitleysu sem sífellt kostar fleira fólk gífurleg fjárútlát, umfram eðlileg mörk og auk þess virðast margar fjölskyldur vera sviptar eignum sínum á nauðungaruppböðum á grundvelli þessara ólöglegu útreikninga. Raunar vafasamt að þessar lánveitingar séu innheimtanlegar þar sem þær eru frá upphafi á fölsuðum skjölum.

Þá erum við kannski farin að nálgast lánastofnunina sjálfa og ég spyr. Hvers vegna eru þessi "**ólöglegu gengistryggðu 'erlendu lán' í íslenskri mynt**", ekki skráð í hugbúnaðarkerfi bankanna hjá Reiknistofu bankanna? Ég hef spurt um þetta í bankastofnunum en engin skýr svör fengið. Bankarnir gefa ekki út venjubundnar tilkynningar um gjalddaga, með útsendingu greiðsluseðla sem hægt er að framvísað hjá gjalddkera til greiðslu. Þó er rukkað seðilgjald. Eftir því sem mér hefur virst, eru þessi lán eingöngu veitt þeim sem heimila skuldfærslu afborgunar á tiltekinn bankareikning. Greiðanda er síðan send einföld kvittun á A4 blaði, óundirrituð.

Alvarlegi þátturinn í þessu er þó sá að þessi lán virðast hvergi aðgengileg þjónustufulltrúum í tölvukerfi bankanna. Það er ekki hægt að snúa sér til þjónustufulltrúa á afgreiðslustað bankans og t. d. óska eftir útprentun á greiðslusögu lánsins. ENGAR upplýsingar um þessi lán er hægt að fá í hugbúnaðarkerfi bankanna og þegar um slíkt er spurt, er ævinlega svarað að það þurfi að hafa samband við tiltekinn einstakling í aðalstöðvum bankans, til að fá slíkar upplýsingar um svona lán.

Þetta vekur spurningar um hvaðan þeir fjármunir eru komnir sem þannig eru lánaðir út, utan lögbundins reikingshalds bankans? Spurning er líka hvort þeir fjármunir sem lánaðir eru út frá þessari utankerfis útlánastofnun hafi í raun verið lánaðir til hennar til útlána, eða hvort ENGIN RAUNVERÐMÆTI hafi verið að baki þessum útlánum, einungis talnagildi? Voru engin raunverðmæti til staðar? Var bankinn einungis að afhenda talnagildi? Í hvaða rétti er þá bankinn að innheimta raunverðmæti ef engin raunverðmæti voru lánuð út? Er þá t. d. ekki alveg eins hægt að greiða lánið til baka með talnagildum, sem engin raunverðmæti eru að baki? Hefur alveg verið horft fram hjá þeim möguleika í þessu margra milljarða hugsanlegu fjármálamisferlis, að bankaranir sópi til sín milljörðum í raunverðmætum frá fólki sem endurgreiðir með þeim hugsanlega verðmætaless talnagildislán?

Víkjum þá aðeins að þeim dómsmálum þar sem þessi "ólöglegu gengistryggðu" lán koma við sögu. Ég hef nú í langan tíma ekki haft mikið álit á lögfræðingum. Það vekur stórlega undrun mína að í þeim málum sem höfðuð hafa verið gegn þeim skjalafölsunum sem framin voru, virðist allir lögfræðingar hafa sleppt að ákæra á grundvelli refsilaga. Í skjölunum eru svo augljós refsilagabrot að hreinni undrun sætir að enginn lögmaður skuli hafa byggt mál sitt á refsilögum auk ákvæða í laga nr. 7/1936, um samningsgerð umboð og ólögsmæta löggjörninga.

UM þetta atriði segir Hæstiréttur í dómi sínum í málinu 471/2010. Gripið er niður í upphaf III hluta dómsniðurstaðna en þar segir svo:

*Í áðurnefndum dómum Hæstaréttar 16. júní 2010 var sem fyrr segir komist að þeirri niðurstöðu að ógilt væri ákvæði um bindingu fjárhæðar láns í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla í samningum, sem hliðstæðir voru samningnum sem mál þetta varðar. **Sú niðurstaða var reist á því að slík gengistrygging bryti í bága við ófrávíkjanlegar reglur laga nr. 38/2001, en takið svo eftir niðurlagi þessarar setningar úr dómi Hæstaréttar. Þar segir: en var hvorki byggð á ákvæðum laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga með síðari breytingum né ólögfestum reglum fjármunaréttar um ógildingum samninga.***

Mér finnst það eiginlega rannsóknarefni, hvort það stafi af hræðslu, þöggun eða því að þið hjá FME og aðrir sem ábyrgð eigið að bera á heilbrigðu fjármálalífi hjá okkar, skulið hreinlega hafa **hunsað þessa skýru ábendingu Hæstaréttar**. Dómurinn segir að ákæran hafi einungis lotið að ákvæðum laga nr. 38/2001 og þess vegna hafi niðurstaðan orðið þessi. Síðan segir í dóminum: **en var hvorki byggð á ákvæðum laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga með síðari breytingum né ólögfestum reglum fjármunaréttar um ógildingum samninga.**

Ljóst er að Hæstaréttardómarar sáu þætti í málinu sem þeir töldu tvímælalaust að stæðust ekki ákvæði laga nr. 7/1936, eða **ólögfestum reglum fjármunaréttar um ógildingu samninga.** Hverjir skyldu svo bera bótaskyldu gagnvart öllum þeim sem hlotið hafa skaða af algjöru sinnuleysi gagnvart þessari ábendingu Hæstaréttar? Varla geta þeir sem eru launaðir til að gæta fjármálaöryggis, skýlt sér á bak við þá afsökun að einstaklingar eða fyrirtæki hefðu bara geta farið í mál. EN, hvert er þá hlutverk ykkar hjá FME gagnvart alvarlegum afbrotum í fjármálaumhverfinu?

Er hugsanlegt að vanræksla ykkar í starfi, við að varðveita heiðarleika í fjármálaumhverfinu, hafi valdið miklum fjölda fólks í þjóðfélaginu verulegum fjárskaða? Gæti slík vanræksla flokkast undir ákvæði laga nr. 7/1936, eða jafnvel undir XIV. kafla refsilaga? Gæti raunin verið sú að Hæstiréttur hafi séð eitthvað slíkt í gögnum þessa lánafyrirkomulags og notað sitt afar þrönga svigrúm, til að láta álit sitt í ljós á örðu á lýtur beint að stefnu þess máls sem þeir eru að dæma? Sé það svo, getur þá stofnun ykkar, Fjármálaeftirlitið sjálft, skotið sér undan ábyrgð?

Er það hugsanlegur möguleiki að Hæstiréttur mundi sýkna stofnun ykkar af ábyrgð gagnvart skaða fórnardýra þeirra blekkinga og skjalafölsunar, sem þið virðist hafa lokað augum og eyrum fyrir um nokkurra ára skeið? Ef stofnunin teldist hafa brugðist, yrðu þá stjórnendur þess tíma hugsanlega fundnir sekir? Hverjir ættu að axla ábyrgð á því að stofnunin lokaði augum svona lengi fyrir jafn alvarlegri sniðgöngu laga, heiðarleika og drenglyndis í fjármálalífi þjóðarinnar? Horfði bara aðgerðarlaus á hina ólöglegu lánastarfsemi bankanna með hin algjörlega ólöglegu gengistryggingu á lánum í íslenskum krónum.

Á mínu heimili er eitt svona lán, sem tekið var m. a. til að geta almennilega kynnt sér aðferðafræðina við þessa mjög svo sérstöku lánastarfsemi. Ég hef borið mig nokkuð ákveðið eftir upplýsingum frá bankanum en engin svör fengið. Hið merkilega er að bankinn rukkar okkur ekki á grundvelli þess skuldabréfs sem við undirrituðum. Það skuldabréf bar ákveðið lánsnúmer. Bankinn innheimtir nú samkvæmt öðrum forsendum og öðru lánsnúmeri eða skuldaskjali, **sem við höfum ekki undirritað eða á neinn annan hátt veitt honum umboð til slíkrar innheimtu hjá okkur.**

Allir virðast fórnar höndum og líta í aðra átt, þegar spurt er um þessi málefni eða þau rædd. Eðlilegt er að veita ykkur smá tíma til að meta hvaða viðbrögð verða frá ykkur í kjölfar þessa bréfs. Verði engar breytingar, er ógerningur að líta framhjá því að svo virðist sem stjórnendur FME sýni einbeittan ásetning til yfirhilmingar og þöggunar á þeim refsilagabrotum sem ætla má að Hæstiréttur hafi óbeint verið að benda á. Refsilagabrot þessi má ætla að séu að hluta það skjalafals sem bent er á hér frammar í bréfinu. En einnig það auðgunarbrot sem framið er með því að áskilja sér hagsmuni sem engin lagaheimild er fyrir. Leiða má líkur að því að kjósi stjórnendur FME að gerast hlífðar- og vitundaraðilar að þessum refsilagabrotum, geti það leitt til þess að stjórnendur FME verði dregnir fyrir dómstóla, fyrir alvarlega vanrækslu í starfi, sem valdið hafi mjög mörgum umtalsverðu fjártjóni. Gæti það í meginatriðum verið byggt á lögum nr. 7/1936 og XIV. kafla refsilaga og ólögfestum reglum fjármunaréttar um ógildingu samninga. Ekki verður í fljótu bragði séð að óttast þurfi endanlegan dóm í slíku máli.

Með von um að stofnun ykkar taki sig á og fari að vernda heiðarleika í fjármálalífi þjóðarinnar.

Virðingarfyllt

Guðbjörn Jónsson.